



Borgarbóksafnið

KYNNING FYRIR MÍR RÁÐIÐ 13.júni 2025

Pálina Magnúsdóttir



BORGARBÓKASAFNIÐ



EFNI KYNNINGAR

1. SAMÞYKKT FYRIR BORGARBÓKASAFN
2. STEFNA BORGARBÓKASAFNINS 2025 – 2028
2. SUMARLOKANIR

Samþykkt fyrir Borgarbókasafn Reykjavíkur

I. KAFLI

Um stjórnun safnsins og verksvið þess.

1. gr.

Borgarbókasafn Reykjavíkur er í eigu Reykjavíkurborgar. Menningar- og íþróttaráð Reykjavíkur fer með hlutverk stjórnar safnsins og gerir tillögur til borgarráðs um stefnumörkun í málefnum þess, hefur eftirlit með rekstri og að samþykktum og stefnu sé fylgt. Stjórn Borgarbókasafns er að öðru leyti í höndum borgarbókaráðar.

Rekstrarkostnaður safnsins greiðist úr borgarsjóði í samræmi við starfs- og fjárhagsáætlun ár hvert. Borgarbókasafn er ekki rekið í hagnaðarskyni.

2. gr.

Borgarbókasafn Reykjavíkur starfar í samræmi við gildandi bókasafnalög nr. 150/2012 og Yfirlýsingu UNESCO og Alþjóðasamtaka bókasafna (IFLA) um almenningubókasöfn frá 2022.

Undir Borgarbókasafn Reykjavíkur heyra bókasöfnin í Árbæ, Gerðubergi, Grófinni, Klébergi, Kringlu, Sólheimum, Spöng og Úlfarsárdal.

3. gr.

Borgarbókasafn Reykjavíkur er alhliða upplýsinga- og menningarstofnun og meginhlutverk þess er að jafna aðgengi að menningu og þekkingu. Lögð er áhersla á gott aðgengi borgarbúa á öllum aldri að þjónustu, aðstöðu, fræðslu og viðburðum. Borgarbúar skulu eiga greiðan aðgang að þeim bókasöfnum sem undir safnið heyra í hverfum borgarinnar auk annarrar þjónustu safnsins sem borgaryfirvöld kunna að ákveða á hverjum tíma. Afgreiðslutíma skal miða að þörfum notenda á hverjum starfsstað.

Helstu verkefni Borgarbókasafns Reykjavíkur eru:

1. Að bjóða upp á vandaða upplýsingaþjónustu, aðstöðu, viðburðadagskrá og vel samsettan safnkost fyrir almenning sem endurspeglar sem flest sjónarmið. Nýta til þess nýjustu þekkingu, miðlunarleiðir og tækniþúnað á hverjum tíma.
2. Að bjóða upp á vandaða og fjölbreytta menningarstarfsemi fyrir notendur.
3. Að vera leiðandi í kynningu á bókmenntum og bókmenntatengdum viðburðum og að standa fyrir verkefnum sem hvetja til lestrar og lestrarsamveru í öllum aldurshópum og stuðla að læsi í víðri merkingu þess orðs.
4. Að sinna menningaruppeldi barna og ungmenna með fræðslu og skapandi starfi.
5. Að sinna samstarfsverkefnum á sviði inngildingar og samfélagslegrar þátttöku sem auka víðsýni og skilning í samfélaginu.
6. Að bjóða notendum að nýta aðstöðu Borgarbókasafnsins til samveru, viðburðahalds, innblásturs, lærdóms og virkrar þátttöku.
7. Að stunda eftir föngum rannsóknir sem tengjast megináherslum í starfsemi stofnunarinnar.
8. Að vera leiðandi í samstarfi almenningubókasafna á Íslandi og innleiða bestu lausnir sem þekkjast alþjóðlega í þjónustu og starfsemi bókasafna.
9. Að hafa á að skipa ánægðu og hæfu starfsfólki.
10. Að hafa hagkvæma nýtingu og stýringu fjármuna að leiðarljósi við rekstur stofnunarinnar.

Borgarbókasafn Reykjavíkur skal setja sér stefnu, leiðarljós og markmið fyrir starfsemi og rekstur og fylgja eftir með aðgerðaáætlun.

4. gr.

Starfsstaðir Borgarbókasafnsins skulu vera opnir almenningi á auglýstum tímum. Stofnunin og starfsemi hennar skal kynnt almenningi, og nemendum í samráði við skólayfirvöld í Reykjavík. Borgarbókasafni Reykjavíkur er heimilt að taka gjald fyrir bókasafnskort og aðra veitta þjónustu í samræmi við gildandi bókasafnalögum nr. 150/2012. Gjöld skulu innheimt samkvæmt staðfestri gjaldskrá. Allur arður af starfseminni rennur til stofnunarinnar sjálfrar.

5. gr.

Sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs ræður borgarbókavörð til fimm ára í senn að viðhöfðu samráði við menningar- og íþróttaráð. Borgarbókavörður skal ef þess er kostur, hafa sérfræðimenntun á sviði bókasafns- og upplýsingafræða og þekkingu á starfsemi og rekstri bókasafna. Starfið skal auglýst samkvæmt ákvæðum í 75. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar. Sviðsstjóri getur ákveðið að framlengja ráðningu borgarbókavarðar til fimm ára í senn að höfðu samráði við menningar- og íþróttaráð. Borgarbókavörður ber ábyrgð á faglegri starfsemi stofnunarinnar; útlána- og upplýsingaþjónustu, viðburðum, fræðslu og miðlun. Hann ber einnig ábyrgð á endurnýjun og viðhaldi safnkosts og búnaðar.

6. gr.

Borgarbókavörður veitir borgaryfirvöldum ráðgjöf varðandi bókasafns- og upplýsingamál.

II. KAFLI

Safnkostur. Aðföng og grisjun.

7. gr.

Borgarbókavörður ber ábyrgð á uppbyggingu safnkosts, aðföngum (innkaupum, gjöfum) og grisjun. Borgarbókavörður getur skipað teymi innan safnsins sem sjá um uppbyggingu safnkosts í samræmi við stefnu safnsins á hverjum tíma. Almenningsur getur lagt fram tillögur um innkaup sem lagðar eru fyrir teymið. Safnkostur er við það miðaður að safnið þjónar öllum almenningi. Borgarbókavörður tekur ákvörðun um gjafir sem safninu eru boðnar og metur hvort þær skuli þegnar. Almennt skal ekki taka við gjöfum sem kvaðir fylgja.

III. KAFLI

Heimild til að setja á stofn styrktarfélag.

8. gr.

Heimilt er að stofna styrktarfélag við Borgarbókasafn Reykjavíkur. Skal aflafé þess sett í sérstakan sjóð og varið til afmarkaðra verkefna. Slíkt fé skal ekki dragast frá þeirri fjárhæð, sem er árlega ætluð til starfsemi safnsins í fjárhagsáætlun borgarinnar.

Samþykkt í menningar- og íþróttaráði xx.xx.xxxx og vísað til borgarráðs.
Jafnframt fellur þá úr gildi samþykkt fyrir Borgarbókasafn Reykjavíkur sem samþykkt var í borgarstjórn 20.janúar 2015

Samþykkt þessi tekur gildi xx.xx.xxxx
Samþykkt í borgarráði xx.xx.xxxx

STEFNA BORGARBÓKASAFNINS 2025 – 2028

- Stefnunni fylgir aðgerðaáætlun með tímasettum verkefnum
- Verkefni verða uppfærð á 6 mánaða fresti
- Byrjað var að vinna eftir stefnunni í ársbyrjun og búið er að merkja við þau verkefni í aðgerðaáætlun sem eru byrjuð eða er lokið
- Stefnan með aðgerðaáætlun verður aðgengileg á heimasíðu
- Stefnan var unnin með starfsfólki, notendum og hagaðilum
- Í haust verður unnin nýr mælikvarði út frá markmiðum stefnu (í staðinn fyrir Balance scorcard)



MIÐPUNKTUR MANNLÍFS í hverfunum

Ómissandi staður í borginni,
sannkallað opið rými allra

**Miðpunktur mannlífs í hverfunum
er yfirskrift stefnu Borgarbókasafnsins
2025 – 2028.**

Borgarbókasafnið starfrækir 8 bókasöfn á höfuðborgarsvæðinu; í Árbæ, Gerðubergi, Grófinni, Klébergi, Kringlunni, Spönginni, Sólheimum og Úlfarsárdal.

Við setjum þarfir notenda í forgang og erum leiðandi í þróun þjónustu með stafrænum nýjungum, nýsköpun í miðlun og betri aðstöðu fyrir notendur.

Stefnan er unnin í samvinnu við starfsfólk, notendur bókasafna og hagaðila. Við vinnuna var horft til Menningar- og þjónustustefnu borgarinnar og metnaðarfullar stefnur stærri bókasafna um allan heim notaðar til hliðsjónar.

**Hlutlaust athvarf í
borgarlandslaginu
og griðarstaður
mennskunnar.**



Gildi

Gildi okkar endurspeгла fyrir hvað við stöndum sem skipulagsheild. Þau eru starfsfólki innblástur og leiðarljós í framlínustörfum og upplýsingamiðlun. Þau eru lykilsteinar í brúarsmíð þekkingar og hugmynda fólks, starfsfólks jafnt sem notenda.



Alltaf einhver sem maður þekkir sem tekur á móti manni með bros á vör

Fastagestur á fjölskyldumorgnum í Gerðubergi





“
Samfélag sem getur og hefur
vilja til byggja svona menningar-
og almennings höll er samfélag
sem ég vil og er stolt af því að

Endurgjöf frá gesti á sýningu um Grófarhúsið á Hönnunarmars



Framtíðarsýn

Hugsaðu þér stað þar sem vel er tekið á móti öllum og það kostar ekkert inn. Stað þar sem þú getur verið eins og þú ert og leitað athvarfs frá amstri dagsins. Í samtali við aðra, fólk sem þú hefur annars ekki hitt, fæðast hugmyndir og þú uppgötvar eitthvað nýtt. Á þessum stað geturðu deilt því sem þú hefur – hugmyndum, reynslu og hæfni. Þegar þú gengur út hefurðu öðlast nýja sýn, lært eitthvað nýtt og tengst samfélaginu betur. Borgarbókasafnið getur verið þessi staður; samfélagsrými og þáttökugátt þar sem við deilum sögum, menningu og upplifun.





Staður fyrir fjölskyldur.
Að geta gert eitthvað sem
brýtur upp hversdaginn án
þess að það kosti peninga

Foreldri í spurningakönnun um bókasafnið

Langar mest að
eiga bókasafnið

Nemandi við Klébergsskóla


Hlutverk

Borgarbókasafn Reykjavíkur hóf starfsemi 19. apríl 1923. Safnið er alhliða upplýsinga- og menningarstofnun og meginhlutverk þess er að jafna aðgengi að menningu og þekkingu. Borgarbókasafnið heyrir undir menningar- og íþróttasvið Reykjavíkur-borgar og starfar í samræmi við gildandi lög um bókasöfn sem og önnur lög, reglugerðir og samþykktir er þau varða. Safnið leggur áherslu á **fagmennsku** í starfi enda gegnir það forystuhlutverki meðal almennings-bókasafna á Íslandi og sækir fyrirmyndir sínar til fremstu bókasafna heims.

Starfsemi Borgarbókasafnsins stuðlar að lýðræði og eflir víðsýni með því að vera opið öllum án tillits til aldurs, kyns, kynþáttar, stjórnmálaskoðana, trúar, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu. Lögð er áhersla á gott **aðgengi** að þjónustu, nýsköpun í fræðslu og viðburðum á sviði **menningar** í sinni fjölbreyttustu mynd. Með þessu móti vill Borgarbókasafnið vera staður þar sem **virðing** er borin fyrir öllum óháð stétt og stöðu, hlutlaust athvarf í borgarlandslaginu og griðarstaður fyrir mennskuna

Áherslur

Eftirfarandi áherslum fylgir aðgerðaáætlun með tímasettum verkefnum. Sú áætlun er uppfærð þegar verkefnum lýkur og önnur hefjast sem samræmast stefnunni á líftíma hennar. Aðgerðaáætlunin er því breytilegt skjal.



1

Áhersla

Leiða samtal, uppbyggingu, þróun og nýsköpun

2

Áhersla

Efla lestur, læsi, miðlun, tengsl og samstarf

3

Áhersla

Deila þekkingu, upplýsingum, rými og hlutum

4

Áhersla

Jafna aðstöðu, aðgengi, tækifæri og þátttöku

1 Áhersla

Leiða samtal, uppbyggingu, þróun og nýsköpun

Markmið:

Borgarbókasafn Reykjavíkur skal leiða þróun almenningubókasafna á landsvísu, efla starf safnanna, stuðla að sýmenntun starfsfólks og vera í fararbroddi í nýsköpun.

9 NÝSKÖPUN OG
UPPBYGGING



Aðgerð 1.1 Auka meðvitund stjórnvalda og almennings um gildi almenningsbókasafna.

Aðgerð 1.2 Tryggja framgang nýs Grófarhúss og annarra safna sem áætlað er að flytja, breyta eða reisa, í nánú samtali við svið borgarinnar, pólitíska fulltrúa og hagaðila.

Aðgerð 1.3 Efla fræðslu starfsfólks og nýta verkfæri breytingastjórnunar til að þróa störf og starfsumhverfi.

Aðgerð 1.4 Bæta umhverfi og aðstöðu bókasafna í hverfum borgarinnar í takt við þarfir notenda og starfsfólks.

Aðgerð 1.5 Vera í fararbroddi í stafrænum lausnum og miðlun þjónustu.

Aðgerð 1.1

Auka meðvitund stjórnvalda og almennings um gildi almenningsbókasafna.

Verkefni sem fylgja aðgerð 1.1	Tímarammi:	Byrjað:	Lokið:
Þýða yfirlýsingu IFLA-UNESCO og birta á vef og í starfsmanna-handbók safnsins.	Ábyrgð: Deild miðlunar og nýsköpunar Kostnaður: Miðlun og nýsköpun Tímarammi: Haust 2025		
Vinna heildstætt að kynningar-málum fyrir almenningsbókasöfn með forstöðumönnum almenningsbókasafna í SFA.	Ábyrgð: Deildarstjóri Gerðubergs Kostnaður: SFA Tímarammi: Haust 2025		
Birta niðurstöður alþjóðlegs samstarfs á vefsíðu og öðrum miðlum, sem og samstarf við önnur bókasöfn, menningar-stofnanir og háskólasamfélagið.	Ábyrgð: Verkefnastjóri aðgengis og samfélagslegrar þátttöku Kostnaður: Miðlun og nýsköpun Tímarammi: Haust 2025 – vor 2027		
Tengja heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna aðgerðum og verkefnum Borgarbókasafnsins til að hljóta útnefningu sem heims-markmiðabókasafn.	Ábyrgð: Verkefnastjóri aðgengis og samfélagslegrar þátttöku Kostnaður: Miðlun og nýsköpun Tímarammi: Vor 2026 – vor 2027	✓	
Endurskoða mælikvarða og lykiltölur Borgarbókasafnsins með nýja stefnu að leiðarljósi.	Ábyrgð: Skrifstofustjóri og deildarstjórar Kostnaður: Skrifstofa BBS Tímarammi: Vor 2025 – haust 2025	✓	

Aðgerð 1.2

Tryggja framgang nýs Grófarhúss og annarra safna sem áætlað er að flytja breyta eða reisa, í nánú samtali við svið borgarinnar, pólitíska fulltrúa og hagaðila.

Verkefni sem fylgja aðgerð 1.2	Tímarammi:	Byrjað:	Lokið:
Vinna markvissa kynningar-áætlun um miðlun af framgangi verkefnisins til borgarbúa.	Ábyrgð: Deildarsjóri nýsköpunar Kostnaður: Miðlun og nýsköpun Tímarammi: Sumar 2025	✓	
Styrkja orðræðu um umbreytingu Grófarhúss út á við og halda henni lifandi í huga almennings og ábyrgðaraðila, t.d. með sýni-leika í fjölmiðlum. Efla samtal við pólitíkina og inni í fjárhagsáætlunum borgarinnar.	Ábyrgð: Borgarbókavörður og Deildarstjóri nýsköpunar Kostnaður: Miðlun og nýsköpun Tímarammi: 2025 sumar	✓	
Finna tímabundið húsnæði fyrir starfsemi bókasafnsins í Grófinni og starfsstöðvar starfsfólks vegna breytinga á Grófarhúsi.	Ábyrgð: Borgarbókavörður og Deildarstjóri nýsköpunar Kostnaður: Miðlun og nýsköpun Tímarammi: 2025 sumar		
Undirbúa flutninga á safnkosti vegna breytinga á Grófarhúsi, m.a. finna hluta safnkosts annan stað.	Ábyrgð: Deildarstjóri nýsköpunar Kostnaður: Eignaskrifstofa/BBS Tímarammi: Haust 2025 – vor 2026		
Vinna að undirbúningi fyrir nýja staðsetningu bókasafnsins í Árbæ.	Ábyrgð: Borgarbókavörður Kostnaður: Eignaskrifstofa -BBS Tímarammi: Haust 2025 – vor 2026		
Kynna barnahæð í nýju Grófarhúsi með sýningu á Hönnunarmars.	Ábyrgð: Deildarstjóri nýsköpunar Kostnaður: USK Tímarammi: Vor 2025		✓
Skipuleggja breytingar í Gerðubergi vegna ákvörðunar borgarstjóra um að fá frístund og félagsmiðstöð inn í starfsmanna-aðstöðu.	Ábyrgð: Borgarbókavörður Kostnaður: Eignaskrifstofa Tímarammi: Vor 2025		

Aðgerð 1.3

Efla fræðslu starfsfólks og nýta verkfæri breytinga-
stjórnunar til að þróa störf og starfsumhverfi.

Verkefni sem fylgja aðgerð 1.3	Tímarammi:	Byrjað:	Lokið:
Endurskoða starfslýsingar starfs- fólks safnana vegna breytinga á Grófarhúsi.	Ábyrgð: Borgarbókavörður Kostnaður: Skrifstofa BBS Tímarammi: Hausti 2025 – sumar 2026		
Færa aðfangadeild sem staðsett er í Grófarhúsi yfir í Gerðuberg.	Ábyrgð: Borgarbókavörður Kostnaður: Skrifstofa BBS Tímarammi: Hausti 2025 – sumar 2026		
Vinna samræmda þjónustuhand- bók og samskiptasáttmála á öllum söfnum.	Ábyrgð: Skrifstofustjóri Kostnaður: Skrifstofa BBS Tímarammi: Hausti 2025 – sumar 2026		
Uppfæra skipurit Borgarbóka- safnsins með það í huga að auka skilvirkni og bæta starfs- umhverfi.	Ábyrgð: Borgarbókavörður ásamt stjórnendateymi Kostnaður: Skrifstofa BBS Tímarammi: Hausti 2025 – haust 2026		

Aðgerð 1.4

Bæta umhverfi og aðstöðu bókasafna í hverfum
borgarinnar í takt við þarfir notenda og starfsfólks.

Verkefni sem fylgja aðgerð 1.4	Tímarammi:	Byrjað:	Lokið:
Forgangsraða minni fram- kvæmdum við söfnin og á lóðum	Ábyrgð: Deildarstjórar og skrif- stofustjóri Kostnaður: Skrifstofa BBS Tímarammi: Hausti 2025		
Koma á samstarfi við Útilífs- borgina í tengslum við dagskrá utanhúss í nágrenni safnanna.	Ábyrgð: Deildarstjóri miðlunar Kostnaður: Miðlun og nýsköpun Tímarammi: Hausti 2025 – sumar 2026		
Gera framkvæmdaáætlun vegna starfsmannarýma í Árbæ og Kringlu.	Ábyrgð: Deildarstjórar og skrif- stofustjóri Kostnaður: Skrifstofa BBS Tímarammi: Hausti 2025		
Gera framvæmdaráætlun vegna starfsmannarýma í Árbæ og Kringlu.	Ábyrgð: Safnstjórar og skrifstofu- stjóri Kostnaður: Skrifstofa BBS Tímarammi: 2025 haust		

Aðgerð 1.5

Vera í fararbroddi í stafrænum lausnum og miðlun þjónustu.

Verkefni sem fylgja aðgerð 1.5	Tímarammi:	Byrjað:	Lokið:
Færa vef BBS yfir í Drupal 10 og vinna að áframhaldandi þróun hans.	Ábyrgð: Deildarstjóri miðlunar og vefstjóri Kostnaður: Fjárfestingaráætlun, MÍR, BBS Tímarammi: Hausti 2025 – vor 2026	✓	
Bókavélin: Gervigreindarknúin bókameðmæli fyrir börn. Samstarfsverkefni Borgarbóka-safnsins og Tanuki slf. sem ætlað er að auðvelda börnum og unglingum að finna bækur á íslensku sem falla að áhugasviði þeirra.	Ábyrgð: Verkefnastjóri bókmennta Kostnaður: Tanuki slf. og deild miðlunar og nýsköpunar Tímarammi: Hausti 2025 – vor 2026		
Skoða fleiri möguleika á notkun gervigreindar í takt við hugmyndafræði og siðferði bókasafna og taka saman upplýsingar um hvernig bókasöfn erlendis hafa nýtt gervigreind í starfsemi sinni og staðfæra.	Ábyrgð: Deildarstjórar og vefstjóri Kostnaður: Skrifstofa BBS Tímarammi: Vor 2026		
Gera skýrar leiðbeiningar um bókasafnskerfið Ölmú og þá möguleika sem kerfið býður upp á.	Ábyrgð: Verkefnastjóri – bókfræði-gögn og skráning. Kostnaður: Skrifstofa BBS Tímarammi: Hausti 2025 – vor 2026		
Halda áfram með innleiðingu OPEN+ umframopnunar: Bæta við Spönginni, Árbæ og Gerðubergi.	Ábyrgð: Borgarbókavörður. Kostnaður: Fjárfestingaráætlun Tímarammi: Vor 2025 – haust 2027	✓	
Kanna möguleika á IMMS kerfi fyrir allt höfuðborgarsvæðið.	Ábyrgð: Borgarbókavörður. Kostnaður: Skrifstofa BBS Tímarammi: Hausti 2025 – haust 2026		

2

Áhersla

**Efla lestur, læsi, miðlun,
tengsl og samstarf**

Markmið:

Efla lestur í sinni víðustu mynd með því að
þróa ný þáttökumiðuð verkefni sem snúa að
íslenskukennslu, yndislestri, kynningu á
og umfjöllun um bókmenntir.

4 MENNTUN
FYRIR ÖLL



10 AUKINN
JÖFNUBUR



Aðgerð 2.1 Koma á fót lestrartengdum verkefnum fyrir alla aldurshópa sem hvetja til yndislesturs og umræðu um bókmenntir í samstarfi við rithöfunda, félagasamtök og stofnanir.

Aðgerð 2.2 Efla menningarlæsi með því að tengja saman ólíka hópa samfélagsins í þátttökuverkefnum.

Aðgerð 2.3 Auka upplýsingalæsi almennings, sérstaklega ungmenna.

Aðgerð 2.4 Auðvelda aðgengi rithöfunda og annarra sem vilja nýta aðstöðu safnanna til að lesa upp úr verkum sínum eða kynna útgefnar bækur.

Aðgerð 2.1 Koma á fót lestrartengdum verkefnum fyrir alla aldurs- hópa sem hvetja til yndislesturs og umræðu um bók- menntir í samstarfi við rithöfunda, félagasamtök og stofnanir.			
Verkefni sem fylgja aðgerð 2.1	Tímarammi:	Byrjað:	Lokið:
Halda Lestrarhátíð að vori, með upplestrarviðburðum og opnum leshringjum. Áhersla á fullorðna lesendur.	Ábyrgð: Verkefnastjóri Bókmennta- viðburða. Teymi um bókmenntir og lestrarhvatningu Kostnaður: Miðlun og nýsköpun, Miðlun og nýsköpun, Barnamenn- ingarsjóður og Bókasafnasjóður Tímarammi: Haust 2025		
Koma á Lestrarhátíð að hausti, með áherslu á börn og ungmenni, í samstarfi við alþjóðlegu bók- menntahátíðinni Mýrinni.	Ábyrgð: Verkefnastjóri bókmennta- viðburða. Teymi um bókmenntir og lestrar- hvatningu Kostnaður: Miðlun og nýsköpun, Barnameningarsjóður og Bóka- safnasjóður Tímarammi: Haust 2025		
Bóka klúbbur í poka. Lifandi verkefni sem tvinnar saman innra starf bókasafnsins og samstarf. Utanaðkomandi fengin til að rit- stýra pokum og aukaefni, til að stækka markhópin og auka umtal.	Ábyrgð: Verkefnastjóri bókmennta- viðburða. Teymi um bókmenntir og lestrarhvatningu Kostnaður: Miðlun og nýsköpun, Barnameningarsjóður og Bóka- safnasjóður Tímarammi: Vor 2025	✓	
Ylfa og Úlfur, lesum allan heiminn! Málproska- og les- skilningsverkefni í samstarfi við Dalskóla.	Ábyrgð: Deildarstjóri bókasafnsins í Úlfarsárdal Kostnaður: Styrkir/Bókasafnasjóður Tímarammi: Haust 2026	✓	
Litla bókasafnið. Endurvakning á bóka- sendingum í leikskóla. Bækur ásamt fræðandi kynningarefni fyrir foreldra.	Ábyrgð: Verkefnastjóri barna og unglingastarfs, barnateymi. Kostnaður: Bókasafnssjóður Tímarammi: Haust 2025	✓	

Verkefni sem fylgja aðgerð 2.1	Tímarammi:	Byrjað:	Lokið:
Bjóða upp á sögustundir á tákn- máli fyrir döfð börn og fjölskyldur þeirra.	Ábyrgð: Deildarstjóri bókasafnsins í Spönginni og Árbæ Kostnaður: BBS Spöng og Árbæ Tímarammi: 2025		
Sögustundir í náttúrunni: Verkefni þar sem unnið verður að eftirminnilegum lestrarupp- lifunum í náttúrunni.	Ábyrgð: Deildarstjóri Gerðubergs Kostnaður: Barnameningarsjóður Tímarammi: Vor 2025	✓	
Endurmeta hlutverk og markmið BBS í miðlun safnkosts.	Ábyrgð: Verkefnastjóri bókmennta Kostnaður: Skrifstofa BBS Tímarammi: Haust 2025		
Vinna að því að fá hljóðbækur á íslensku inn í Rafbókasafnið með rafbókasafnsráði.	Ábyrgð: Borgarbóka vörður, verk- efnastjóri rafbókasafns, rafbóka- safnsráð Kostnaður: Almenningsbókasöfn sem standa að Rafbókasafninu Tímarammi: Vor 2025 – haust 2026	✓	

Aðgerð 2.2

Efla menningarläsi með því að tengja saman ólíka hópa samfélagsins í þátttökuverkefnum.

Verkefni sem fylgja aðgerð 2.2	Tímarammi:	Byrjað:	Lokið:
Spjalló – Samvera á bókasafninu: Nýtt þróunarverkefni í íslensku-kennslu í samstarfi við Kvenna-skólann í Reykjavík.	Ábyrgð: Verkefnastjóri viðburða og fræðslu og verkefnastjóri aðgengis og samfélagslegrar þátttöku Kostnaður: Styrkir/þróunarsjóður innflytjendamála Tímarammi: ?	✓	
Let’s Read Together: Samstarfs-verkefni Borgarbókasafnsins og almenningubókasafna í Helsinki, Aarhus, Stokkhólmi og Buskerud.	Ábyrgð: Verkefnastjóri barna- og unglingastarfs Kostnaður: Norræni menningar-sjóðurinn. Tímarammi: ?	✓	

Aðgerð 2.3

Auka upplýsingalæsi almennings, sérstaklega ungmenna.

Verkefni sem fylgja aðgerð 2.3	Tímarammi:	Byrjað:	Lokið:
Stofna verkefnahóp sem kallar efir og býr til verkefni sem snúa að upplýsingalæsi.	Ábyrgð: Deildarstjóri Úlfarsárdals Kostnaður: Styrkir/Bókasafnasjóður Tímarammi: Haust 2025 – vor 2026		
Hvað er í fréttum? Viðburðaröð þar sem farið er yfir það helsta í fréttum og rætt.	Ábyrgð: Safnstjóri Grófarinnar Kostnaður: Miðlun og nýsköpun Tímarammi: Haust 2025 – vor 2026		

Aðgerð 2.4

Auðvelda aðgengi rithöfunda og annarra sem vilja nýta aðstöðu safnanna til að lesa upp úr verkum sínum eða kynna útgefnar bækur.

Verkefni sem fylgja aðgerð 2.4	Tímarammi:	Byrjað:	Lokið:
Rými fyrir höfunda: Rithöfundum og öðrum gefst kostur á að bóka rými í öllum söfnum til að halda upplestra, útgáfuhóf og kynningar á verkum sínum. Aðstaðan kynnt markvisst á vef og samfélagsmiðlum.	Ábyrgð: Verkefnastjóri bókmennta. Kostnaður: Miðlun og nýsköpun Tímarammi: Haust 2025		
Efla tengsl við hagsmunaaðila íslenskra bókmennta og hefja markvisst samtal og samstarf við félagasamtök og stofnanir sem vinna að eflingu og útbreiðslu íslenskra bókmennta.	Ábyrgð: Verkefnastjóri bókmennta Kostnaður: Skrifstofa BBS Tímarammi: Haust 2025 – Vor 2026		

3

Áhersla

**Deila þekkingu,
upplýsingum, rými, hlutum**

Markmið:

Setja sjálfbærni í forgrunn alls starfs, stuðla að umhverfisvænum verkefnum og viðburðum og sýna frumkvæði í grænum lausnum.

11 SJÁLFBÆRAR
BORGIR
OG SAMFÉLÖG



12 ÁBYRG NEYSLA
OG FRAMLEIÐSLA



Aðgerð 3.1 Stuðla að grænum samgöngum fyrir notendur og starfsfólk safnanna.

Aðgerð 3.2 Þróa Fríbúðina áfram til að festa hana í sessi í Gerðubergi og skoða tengingar út í hin söfnin.

Aðgerð 3.3 Styrkja ímynd Græna bókasafnsins með fjölbreyttum viðburðum með umhverfisáherslu og sjálfbærum hýsingarverkefnum.

Aðgerð 3.4 Endurskoða innkaupaferla við efniskaup, búnaðarkaup og annað með samnýtingu og endurnýtingu í huga.

Aðgerð 3.1

Stuðla að grænum samgöngum fyrir notendur og starfsfólk safnanna.

Verkefni sem fylgja aðgerð 3.1	Tímarammi:	Byrjað:	Lokið:
Bæta aðstöðu fyrir reiðhjól/rafhjól við bókasöfnin með hjólaskýlum og hleðslustöðvum.	Ábyrgð: Skrifstofustjóri Kostnaður: USK Tímarammi: Vor 2026		
Setja upp hleðslustöðvar fyrir rafbíla við þau bókasöfn sem ekki bjóða upp á þær nú þegar.	Ábyrgð: Skrifstofustjóri Kostnaður: USK Tímarammi: Vor 2026		
Fylgja eftir samgönguáætlunum safna með mælanlegum markmiðum.	Ábyrgð: Skrifstofustjóri Kostnaður: Skrifstofa BBS Tímarammi: Vor 2026		
Koma á keyrslu milli allra safna á höfuðborgarsvæðinu til að auka skilvirkni og þjónustu til notenda.	Ábyrgð: Skrifstofustjóri Kostnaður: Skrifstofa BBS Tímarammi: Vor 2026		

Aðgerð 3.2

Þróa Fríbúðina áfram til að festa hana í sessi í Gerðubergi og tengja út í hin söfnin.

Verkefni sem fylgja aðgerð 3.2	Tímarammi:	Byrjað:	Lokið:
Meta árangur af Fríbúðinni og skilakössum og taka ákvörðun um framhaldið í samstarfi við skrifstofu umhverfisgæða.	Ábyrgð: Deildarstjóri Gerðubergs Kostnaður: Skrifstofa BBS Tímarammi: Vor 2026	✓	
Skoða hvernig Fríbúð og skilakassar passa á öðrum bókasöfnum.	Ábyrgð: Deildarstjóri Gerðubergs Kostnaður: Skrifstofa BBS Tímarammi: Vor 2026		

Aðgerð 3.3

Styrkja ímynd Græna bókasafnsins með fjölbreyttum viðburðum með umhverfisáherslu og sjálfbærum hýsingarverkefnum.

Verkefni sem fylgja aðgerð 3.3	Tímarammi:	Byrjað:	Lokið:
Setja upp gróðurhús og samfélagsgarða á lóðum valdra hverfissafna.	Ábyrgð: Deildarstjórar viðkomandi safna Kostnaður: Skrifstofa BBS Tímarammi: Vor 2026		
Þátttökumiðuð verkefni undir hatti Fræsafnsins.	Ábyrgð: Deildarstjóri Gerðubergs Kostnaður: Skrifstofa BBS Tímarammi: Vor 2026		
Viðburðaraðir í tengslum við samfélagsgarða í Gerðubergi og Sólheimum.	Ábyrgð: Deildarstjórar viðkomandi safna. Kostnaður: Skrifstofa BBS Tímarammi: Vor 2026		
Festa eina græna og sjálfbæra smíðju í sessi á öllum söfnum út frá sérstöðu þeirra.	Ábyrgð: Deildarstjórar viðkomandi safna. Kostnaður: Safndeildir Tímarammi: Vor 2025		

Aðgerð 3.4

Endurskoða innkaupaferla við efniskaup, búnaðarkaup og annað með samnýtingu og endurnýtingu í huga.

Verkefni sem fylgja aðgerð 3.4	Tímarammi:	Byrjað:	Lokið:
Fara yfir lagera á söfnunum og skrásetja hvað er til og gera sameiginlega innkaupaáætlun fyrir öll söfn (lágmarka sóun).	Ábyrgð: Safnstjórar og skrifstofustjóri Kostnaður: Skrifstofa BBS Tímarammi: Haust 2025 – vor 2026		

4

Áhersla

**Jafna aðstöðu, aðgengi,
tækifæri og þátttöku**

Markmið:

Borgarbókasafn Reykjavíkur skal vera opið rými allra, þar sem fjölbreyttir hópar samfélagsins koma saman í skapandi starfi og inngilding er höfð að leiðarljósi á öllum stigum.

10 AUKINN
JÖFNUDUR



16 FRÍÐUR OG
RÉTTLÆTI



Aðgerð 4.1 Tryggja fjölbreytt safnefni sem svarar þörfum ólíkra hópa.

Aðgerð 4.2 Bæta aðgengi notenda að upplýsingaþjónustu og almennri þjónustu safnanna.

Aðgerð 4.3 Fjölga hýsingar- og samstarfsverkefnum og auka þjónustu sem styður hýsingu í söfnunum.

Aðgerð 4.4 Efla vitund almennings um safnið sem vettvang fyrir samtal, menningarviðburði og samfélagslega þátttöku.

Aðgerð 4.5 Stuðla að skilningi starfsfólks og samstarfsaðila á hugtakinu inngilding og mikilvægi þess fyrir starfsemi safnsins, sem endurspeglast síðan í þjónustu safnsins við notendur.

Aðgerð 4.1

Tryggja fjölbreytt safnefni sem svarar þörfum ólíkra hópa.

Verkefni sem fylgja aðgerð 4.1	Tímarammi:	Byrjað:	Lokið:
Endurskoða ferla í innkaupum á safnefni.	Ábyrgð: Teymi um safnkost Kostnaður: Skrifstofa BBS Tímarammi: Vor 2026		
Móta skilvirkt verklag til að kynna nýtt safnefni á miðlum safnsins með markvissum hætti.	Ábyrgð: Deildarstjóri miðlunar Kostnaður: Deild miðlunar og nýsköpunar Tímarammi: Vor 2026		
Auðvelda notendum að finna efni við hæfi, m.a. léttlestrar- bækur fyrir börn og lesefni á einföldu máli fyrir fullorðna með áherslu á útstillingar á söfnunum og vef Borgarbókasafnsins.	Ábyrgð: Deildarstjóri Kringlunnar Kostnaður: Skrifstofa BBS Tímarammi: Vor 2026		

Aðgerð 4.2

Bæta aðgengi notenda að upplýsingaþjónustu og almennri þjónustu safnanna.

Verkefni sem fylgja aðgerð 4.2	Tímarammi:	Byrjað:	Lokið:
Rýna og endurhugsa almenna upplýsingaþjónustu og svörun í gegnum síma, tölvupóst og FB Messenger.	Ábyrgð: Deildarstjóri miðlunar og safnstjóri Grófarinnar Kostnaður: Skrifstofa BBS Tímarammi: Hausti 2025		
Uppfæra Vissir þú herferðina sem keyrð er á upplýsingaskjáum, sjálfsafgreiðsluvélum og á sam- félagsmiðlum.	Ábyrgð: Verkefnastjóri kynning- armála Kostnaður: Deild miðlunar og nýsköpunar Tímarammi: Hausti 2025		

Aðgerð 4.3

Fjölga hýsingar- og samstarfsverkefnum og auka þjónustu sem styður hýsingu í söfnunum.

Verkefni sem fylgja aðgerð 4.3	Tímarammi:	Byrjað:	Lokið:
Greina og bæta verklag tengt hýsingar- og samstarfsverkefnum, með einföldun og aukna skilvirkni í huga fyrir samstarfsaðila og starfsfólk.	Ábyrgð: Deildarstjóri miðlunar Kostnaður: Skrifstofa BBS Tímarammi: Hausti 2025 – vor 2026		
Skilgreina sameiginlega mæli- kvarða fyrir hýsingarverkefni og setja markmið fyrir hvert safn um árlega aukningu bókana í sam- ræmi við hlutverk og getu safnsins.	Ábyrgð: Deildarstjóri miðlunar og deildarstjórar safna Kostnaður: Skrifstofa BBS Tímarammi: Hausti 2025 –vor 2026		
Kortleggja núverandi fasta og tilfallandi hýsingar- og samstarfs- aðila og gera lista yfir einstaklinga, samstök, stofnanir sem gætu eftl starfsemi safnsins með samstarfi eða hýsingu.	Ábyrgð: Deildarstjóri miðlunar Kostnaður: Skrifstofa BBS Tímarammi: Hausti 2025 – vor 2026		
Kynna aðstöðu hvers safns fyrir notendum í nærsamfélaginu með markvissum hætti, til dæmis með upplýsingum á vefsíðu, plakötum, dreifildum og heimsóknum í nágrannaskóla og –félagasamtök.	Ábyrgð: Deildarstjóri miðlunar og deildarstjórar safna Kostnaður: Skrifstofa BBS Tímarammi: Hausti 2026		
Færa alla bókanlega sali safn- anna inn í SimplyBookMe kerfið svo notendur (og starfsfólk) geti bókað aðstöðu á vefnum.	Ábyrgð: Vefstjóri Kostnaður: Skrifstofa BBS Tímarammi: Hausti 2025 – vor 2026	✓	
Hafa samband við og/eða senda út könnun á einstaklinga og féla- gasamtök og benda þeim á að nýta sér aðstöðu safnanna til að halda viðburði eða vekja athygli á starfseminni. Því að bjóða upp á ókeypis dagskrá fyrir notendur safnanna.	Ábyrgð: Ritstjórn kynningarmála Kostnaður: Skrifstofa BBS Tímarammi: Hausti – 2025 – vor 2026		

Verkefni sem fylgja aðgerð 4.3	Tímarammi:	Byrjað:	Lokið:
Hafa samband við og/eða senda út könnun á einstaklinga og félagasamtök og benda þeim á að nýta sér aðstöðu safnanna til að halda viðburði eða vekja athygli á starfseminni. Því að bjóða upp á ókeypis dagskrá fyrir notendur safnanna.	Ábyrgð: Ritstjórn kynningarmála Kostnaður: Skrifstofa BBS Tímarammi: Haust - 2025 - vor 2026	✓	
Söguhornið; kynningarátak: Nýting þjónustunnar metin og sömuleiðis hvort markviss kynning leiði til aukningar á 3 ára tímabili.	Ábyrgð: Deildarstjóri miðlunar Kostnaður: Miðlun og nýsköpun Tímarammi: 2025 - 2028	✓	

Aðgerð 4.4			
Efla vitund almennings um safnið sem vettvang fyrir samtal, menningarviðburði og samfélagslega þátttöku.			
Verkefni sem fylgja aðgerð 4.4	Tímarammi:	Byrjað:	Lokið:
Kynna möguleika á samstarfi við BBS í hópum listafólks, t.d. í tengslum við hátíðir og umsóknarfresti í menningarsjóði.	Ábyrgð: Ritstjórn kynningarmála Kostnaður: Skrifstofa BBS Tímarammi: Haust 2025		
Gera kynningarátætlun um umframopnun safnanna.	Ábyrgð: Ritstjórn kynningarmála Kostnaður: Skrifstofa BBS Tímarammi: Haust 2025 - vor 2026		
Skoða leiðir til að jaðarsettir einstaklingar og félagslega einangraðir notendur upplifi félagslega örvun á safninu. Skoða hvað þarf til með tilliti til aðstöðu, viðmóts, kynningar og dagskrárgerðar.	Ábyrgð: Deildarstjórar Kostnaður: Skrifstofa BBS Tímarammi: Vor og haust 2026		

Aðgerð 4.5			
Efla skilning starfsfólks og samstarfsaðila á hugtakinu inngilding og mikilvægi þess fyrir starfsemi safnsins, sem endurspeglast síðan í þjónustu safnsins við notendur.			
Verkefni sem fylgja aðgerð 4.5	Tímarammi:	Byrjað:	Lokið:
Valdefla starfsfólk gagnvart mismunandi menningu og bakgrunni með námskeiðahaldi.	Ábyrgð: Teymi um símenntun og fræðslu Kostnaður: Skrifstofa BBS Tímarammi: Haust 2025 - sumar 2026		
Vinna að því að miðlun safnsins endurspegli og taki tillit til fjölbreytileika borgarbúa og aðgengismál séu sýnileg viðburðalýsingum.	Ábyrgð: Deildarstjóri miðlunar Kostnaður: Miðlun og nýsköpun Tímarammi: 2025 - 2028		
Rýna starfslýsingar og starfsauglýsingar með inngildingu í huga og gera þær aðgengilegri fólki með fjölbreyttan bakgrunn.	Ábyrgð: Borgarbókavörður, deildarstjórar Kostnaður: Skrifstofa BBS Tímarammi: 2025 - 2026		



Innleiðing stefnu

Menningar- og íþróttaráð samþykkir
stefnu Borgarbókasafnsins.

Borgarbókavörður ber heildarábyrgð á
stefnunni og að markmið hennar nái fram að
ganga. Hann ber þannig ábyrgð á fjármögnun
og framkvæmd aðgerða, að verkefni séu mæld
og innleiðingu aðgerðaáætlunar á næstu
þremur árum.

Deildarstjórar og verkefnastjórar bera
ábyrgð á þeim verkefnum sem þeim tilheyra
og á innleiðingu þeirra. Starfsfólk fylgir eftir
markmiðum með þátttöku í verkefnum.

Sumarlokanir hjá Borgarbókasafni sumarið 2025

- Borgarbókasöfnin Sólheimum, Úlfarsárdal og Árbæ verða lokuð frá 14. júlí og fram yfir verslunarmannahelgi, alls 3 vikur. BBS Klébergi verður lokað 1.7.-6.8.
- Í BBS Sólheimum verður umframopnun í gegnum Open+ kerfið. Það þýðir að 18 ára og eldri sem eiga gilt skírteini í safninu geta farið í safnið en án þjónustu. Hægt verður að nýta safnið milli kl 8-22. Þá verður hægt að fá lánað og skila efni í gegnum sjálfsafgreiðsluvélar og dvelja á safninu til að læra og vinna.
- BBS Úlfarsárdal verður sömuleiðis opið án þjónustu á afgreiðslutíma Miðdals, þ.e frá 6:30-22:00. Starfsmenn BBS munu koma daglega á söfnin til að laga til, ganga frá og sinna frátektum.
- BBS Árbæ verður lokað (þar er ekki búið að setja upp Open+).
- BBS Grófinni, Kringlunni, Spönginni og Gerðubergi verða opin í allt sumar og ráðið í sumarafleysingar í þessum söfnum.
- Opið verður um helgar í Grófinni og Kringlunni en skertur tími í Grófinni, þ.e. frá kl 13-17 í stað 11-17 um helgar.